

## Skólaráðsfundur þann 31. október. kl. 15.00 -16.00.

*Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Tinna Marín og Eva Rut, fulltrúar nemanda, Magnús G. fulltrúi nærsamfélagsins, Sigurborg og Helga Eyja fulltrúar kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans, Guðrún Björg fulltrúi foreldra. Helga Veronica fulltrúi foreldra og Marsibil boðuðu forföll.*

Skólastjóri bauð alla velkomna til fyrsta fundar skólaráðsins haustið 2016. Dagskrá fundarins:

- Skólabyrjun – sameiginleg innkaup
- Skólamaturinn/Skólaaskur
- Aðalnámskrá grunnskóla/Mentor
- Skólalóð/framkvæmdir sl. sumar
- Önnur mál

### ***Skólabyrjun/sameiginleg innkaup***

Fjöldi nemenda við skólann er 380 nem. - 20 færri en sl. vetur.

Flestir (nemendur/kennarar) eru ánægðir með sameiginleg innkaup á ritföngum fyrir nemendur.

### ***Skólamaturinn/Skólaaskur***

Skólaaskur hefur hlotið misjafnar móttökur. Skráningarkerfið er að komast í lag en hingað til hafa nemendur ekki þurft að skrá sig inn í kerfið til að fá mat. Það hefur gert það að verkum að sumir hafa verið að borða „frítt“ og jafnvel hafa nemendur sem skráðir voru í mat ekki fengið neitt vegna þess að hann kláraðist. Fyrirhugað er að koma upp sjálfsskömmtunarkerfi á næstu dögum.

Fulltrúar nemenda vildu meina að meiri ánægja hefði verið með Skólamat en Skólaask.

### ***Aðalnámskrá grunnskóla/Mentor***

Kristinn sagði kennara vera að leggja lokahönd á yfirferð Skólanámskrár Hvaleyrarskóla.

Nokkur umræða var um próf og einkunnir. Fulltrúar nemenda sögðu m.a. að útskýra þyrfti betur einkunnakerfið A B C - sérstaklega í tengslum við skil á heimaverkefnum.

Rætt um kosti og galla samræmdra prófa og fyrirhugaða spjaldtölvuvæðingu grunnskólanna.

### *Skólalóðin/ framkvæmdir sl. sumar*

Almenn ánægja er með nýja gervigrasið sem var sett á fótboltavöllinn í sumar/haust. Leiksvæði yngstu deildar var tekið upp og voru settar gúmmímottur á svæðið. Leikvöllurinn við hlið skólans (rólóinn) var lagaður og þar hefur nú verið sett upp eldstæði til að nota við heimilisfræðikennslu.

### *Önnur mál*

Fulltrúum nemenda fannst vanta meiri fræðslu um stjórnsmál í skólanum og fóru fram á að athugað yrði með sérstaka kynningu fyrir unglina.

Fundi slitið.

Samantekt skráði: Sigurborg H. Sævaldsdóttir